



23. janúar 2020

Til eigenda íbúðarhúsa í Bláskógabyggð

Úrgangsmál

Á næstu vikum verða breytingar á fyrirkomulagi sorpmála í Bláskógabyggð og verður hér farið yfir þær breytingar sem snúa að sorpmálum íbúðarhúsa. Þann 1. febrúar 2020 hefst gjaldtaka á gámasvæðum Bláskógabyggðar á Laugarvatni, í Reykholti og við Heiðarbæ fyrir gjaldskyldan úrgang. Fellur þar m.a. undir ómálað timbur, málað timbur og grófur úrgangur. Gjald fyrir hvern rúmmetra er 5.500.- kr.

Sorpeyðingargjald verður lagt á íbúðarhúsnæði fyrir árið 2020, líkt og verið hefur, og verður gjaldið kr. 24.150. Greiðendur sorpeyðingargjalds fyrir íbúðarhúsnæði fá klippikort til að nota á gámasvæðum sveitarfélagsins. Hér meðfylgjandi er klippikort fyrir 4,5 rúmmetrum sem eigendur íbúðarhúsa geta notað á árinu 2020 þegar þeir losa sig við gjaldskyldan úrgang á gámasvæðunum. Þegar inneign á klippikortinu klárast er rukkað samkvæmt gjaldskrá. Kortið fellur úr gildi 31. desember 2020. Sorphirðugjald verður kr. 40.959 miðað við fjögur 240 lítra ílát við heimili. Gjaldinu er ætlað að standa undir kostnaði sveitarfélagsins við að safna úrgangi frá íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu.

Úrgangur sem skilað er á gámasvæði skal vera flokkaður. Ef ekki er flokkað og erfitt er að sjá hverju er verið að henda verður rukkað eða tekið af klippikortinu fyrir öllum úrganginum. Tekið er við eftirfarandi flokkum úrgangs á gámasvæðunum:

Gjaldfrjáls úrgangur frá heimilishaldi:

- Almennur heimilisúrgangur
- Lífrænn heimilisúrgangur
- Pappi, pappír
- Plast
- Raftæki
- Hjólbarðar
- Rafgeymar, rafhlöður
- Fatnaður og klæði
- Heyrúlluplast
- Járn, málmar
- Spilliefni, olíusíur og málning
- Skilagjaldsskyldar drykkjarumbúðir (söfnunarkassar frá Grænum skátum).

Gjaldskyldur úrgangur:

- Timbur, hreint og ómálað
- Timbur, málað, gagnvarið
- Grófur úrgangur (t.d. húsgögn, dýnur, óflokkaður úrgangur)
- Garðaúrgangur
- Grjót, múrbrot og jarðvegur, gifs, flísar, postulín,
- Dýrahæ

Uppgröft frá jarðvegsframkvæmdum, m.a. húsgrunnum, skal afsetja á sérstökum svæðum fyrir losun slíks úrgangs. Hafa skal samband við Bláskógabyggð í síma 480 3000 áður en uppgröftur er fluttur á losunarstað.



Nú hefur söfnun á lífrænum heimilisúrgangi staðið yfir í tæpt ár og hefur almennt tekist vel til við það og þakkar Bláskógabyggð íbúum og fyrirtækjum fyrir þann góða árangur. Minnt er á að lífræni úrgangurinn má ekki vera í plastpokum heldur skal hann vera í pokum úr pappír eða maíspokum sem jarðgerast með lífræna úrganginum. Flokkunarleiðbeiningar fyrir heimilisúrgang má nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins, www.blaskogabyggd.is, bæði á ensku og á íslensku.

Vakni spurningar vegna þessara breytinga má beina þeim í síma 480 3000 eða á netfangið blaskogabyggd@blaskogabyggd.is.

Úr gjaldskrá fyrir gámasvæði Bláskógabyggðar:

| Flokkur | Gjaldskylt frá heimilum og frístundahúsum | Gjaldskylt frá rekstraraðilum (fyrirtækjum og lögbýlum) |
|---|---|---|
| Almennur heimilisúrgangur | nei | já |
| Pappi og pappír | nei | já |
| Lífrænn heimilisúrgangur | nei | já |
| Pastumbúðir og annað plast | nei | já |
| Gler | nei | já |
| Hjólbarðar | nei | nei |
| Málmur | nei | já |
| Spilliefni sem bera úrvinnslugjald | nei | nei |
| Raftæki | nei | nei |
| Rafhlöður, rafgeymar | nei | nei |
| Fatnaður og klæði | nei | já |
| Heyrúlluplast | nei | nei |
| Skilagjaldsskyldar drykkjarumbúðir | nei | nei |
| Almennur rekstrarúrgangur | á ekki við | já |
| Blandaður úrgangur | já | já |
| Grófur óflokkaður úrgangur sem þarfnast flokkunar | já | já |
| Óflokkaður úrgangur | já | já |
| Grófur úrgangur frá framkvæmdum | já | já |
| Bólstruð húsgögn, dýnur o.þ.h. óendurnýtanlegt | já | já |
| Bílrúður | já | já |
| Steinefni frá framkvæmdum | já | já |
| Timbur, ómálað | já | já |
| Timbur, málað | já | já |
| Garðaúrgangur, greinar, gras | já | já |
| Grjót, múrbrot og jarðvegur | já | já |
| Gifspötur, flísar og postulín | já | já |
| Dýrahæ | já | já |

F.h. Bláskógabyggðar
Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri